R15040132
5. maí 2015

Nefndasvið Alþingis
b.t. Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl (691. mál)

Reykjavíkurborg hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl. Þetta frumvarp tengist öðru máli sem er til meðferðar hjá alþingi sem er frumvarp til breytinga á lögum um veiðigjöld (692. mál).

Markmið frumvarps um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl er að auka *fyrirsjáanleika* útgerðarfyrirtækja með því að veita þeim óafturkræfar aflaheimildir til sex ára en veiðum á makríl hefur frá árinu 2009 verið stjórnað með útgáfu veiðileyfa sem gilt hafa til eins veiðitímabils í senn á grundvelli reglugerða. Með frumvarpinu er lagt til í fyrsta lagi að ráðherra ákvarði árlega leyfilegan heildarafla í makríl, í öðru lagi að 90% hlutdeildar í heildarafla (heildaraflahlutdeildar) verði ráðstafað til fiskiskipa á grundvelli veiðireynslu á árunum 2011–2014, í þriðja lagi að 5% heildaraflahlutdeildar verði ráðstafað sérstaklega til fiskiskipa sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum árin 2009–2014, í fjórða lagi að 5% heildaraflahlutdeildar verði ráðstafað í hlutfalli við þann hluta makrílafla skipa sem var unninn til manneldis á árunum 2009 og 2010, og í fimmta lagi að aflahlutdeildum samkvæmt frumvarpinu verði úthlutað til sex ára og að þær framlengist árlega um eitt ár í senn, meðan lögin standa óbreytt, og verði ekki felldar niður nema með minnst sex ára fyrirvara.

Markmið að baki lagasetningu um stjórn veiða á að hvíla á þremur meginforsendum: Að fiskimiðin skulu vera sameign þjóðarinnar, að það beri að tryggja sjálfbæra nýtingu þeirra og að þjóðin beri sanngjarna hlutdeild í afrakstri þessara auðlinda. Ekki er gætt að þessum sjónarmiðum í fyrirliggjandi frumvarpi. Markmið frumvarpsins ættu að byggja á viðurkenndum grundvallarsjónarmiðum um verndun og sjálfbæra nýtingu fiskistofna við Ísland, sem meðal annars grundvallast á ákvæðum Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna, þannig að veiðiheimildir byggi ávallt á rannsóknum og mati á stöðu fiskistofnsins. Eins og áður segir er ekki gætt að þessum sjónarmiðum í fyrirliggjandi frumvarpi. Mikilvægt er að treysta stoðir sjálfbærra veiða úr öllum nytjastofnum á Íslandsmiðum með skýrum skilaboðum í frumvarpinu og fjárveitingum til rannsókna og ákvarðana aflamagns.

Í frumvarpinu er hvergi sett fram sú sjálfsagða grundvallarforsenda að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameiginleg og ævarandi eign íslensku þjóðarinnar. Ef þess hefði verið gætt hefði það þýtt að þegar aflaheimildir á grundvelli frumvarpsins væru skoðaðar myndi sú ráðstöfun aldrei mynda eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir þeim. Nú er þessi grundvallarforsenda ekki í frumvarpinu og í því gert ráð fyrir að ráðstöfunum aflaheimilda skv. frumvarpinu verði alls ekki haggað næstu sex árin og jafnvel ekki til lengri tíma vegna fyrirkomulagsins á ráðstöfuninni sem getið er að ofan. Af þessu leiðir að erfitt gæti reynst og tæpast útlátalaust fyrir þjóðina að endurheimta eign sína úr höndum útgerðanna sem þannig fá úthlutað sameiginlegum gæðum allra landsmanna. Mikilvægt er að skilgreina í frumvarpinu með skýrum hætti að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar.

F.h. Reykjavíkurborgar

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri